

**101. fundur**

14. janúar 2016

0912049SA BÓH

Málalykill: 502

**Fundargerð sameiginlegs fundar samstarfsnefnda  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin þriðjudaginn 14. janúar 2016, Borgartúni 21, Reykjavík og hófst hann kl. 11:15.

Mætt voru Haraldur F. Gíslason, Fjóla Þorvaldsdóttir fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Bókun 2, starfsheiti leiðbeinanda.**

Í kjarasamningi SNS og FL sem undirritaður var 26. nóvember s.l. fylgir bókun 2 sem fjallar um starfsheiti leiðbeinanda. Í bókuninni segir:

*„Samningsaðilar eru sammála um að fela samstarfsnefnd það verkefni að framkvæma kosningu á nýju starfsheiti fyrir leiðbeinendur sem eiga aðild að Félagi leikskólakennara. Kosningunni skal lokið fyrir 30. mars 2016 og mun þá það starfsheiti sem verður valið sett í kjarasamning aðila eftir nánari ákvörðun samstarfsnefndar“*

Um mánaðarmótin febrúar/mars var kallað eftir tillögum frá félagsmönnum og bárust nokkrar tillögur. FL er falið að framkvæma og hafa umsjón með kosningu í gegnum "mínar síður" hjá Kennarasambandi Íslands. Niðurstaða skal liggja fyrir í síðasta lagi 30. mars 2016 og mun samstarfsnefnd taka ákvörðun í framhaldinu. Nýtt starfsheiti verður fært inn þar sem við á þegar kemur að heildarútgáfu kjarasamnings.

Kosið skal milli eftirfarandi starfsheita:

1. Leikskólaleiðbeinandi A og B
2. Háskólamenntaður leiðbeinandi A og B
3. Fagleiðbeinandi A og B
4. Háskólamenntaður starfsmaður A og B

**2. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 12:00